

Enska 5. - 7. árgangur		5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Hlustun - enska	Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.			
Hlustun - enska	Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.			
Hlustun - enska	Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.			
Lesskilningur - enska	Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.			
Lesskilningur - enska	Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.			
Lesskilningur - enska	Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.			
Samskipti - enska	Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.			
Samskipti - enska	Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.			
Samskipti - enska	Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.			
Frásögn - enska	Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.			

Frásögn - enska	Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.			
Frásögn - enska	Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.			
Ritun - enska	Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.			
Ritun - enska	Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.			
Ritun - enska	Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.			
Ritun - enska	Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.			
Menningarlæsi	Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.			
Menningarlæsi	Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.			
Námshæfni	Beitt lykilmálsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.			
Námshæfni	Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.			
Námshæfni	Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.			
Námshæfni	Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.			
Námshæfni	Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.			